

FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2015  
- HORFUR Í RÍKISFJÁRMÁLUM OG ÁHRIF SKATTABREYTINGA

GREININGARDEILD ARION BANKA  
17. SEPTEMBER 2014

# FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2015

---

- Hver verður afkoma ríkissjóðs 2015 og hverjar eru horfur í ríkisfjármálum?
- Hverjar eru breytingarnar á tekju- og útgjaldahlið ?
- Hver eru helstu áhrif af frumvarpinu á efnahagsþróun og fjármálamarkaði?
  - Verðlagsáhrif af fjárlagafrumvarpinu
  - Útgáfa skuldabréfa á innlendum fjármálamörkuðum

# AFKOMA RÍKISSJÓÐS BATNAR HÓFLEGA Á NÆSTA ÁRI

Afkoma ríkissjóðs 2014 batnar verulega og verður 38,1 ma.kr.

Afkoman 2015 er áætluð 4,1 ma.kr.


Ástæðan fyrir góðri afkomu 2014 eru aðallega tvær einskiptis færslur:

1) Arðgreiðslur Landsbankans (20 ma.kr.)

2) Arðgreiðslur frá Seðlabankanum vegna breytinga á reglum um eigin fé (26 ma.kr.) en þær munu lækka skuldir ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum um sem því nemur

Afkoman batnar því hóflega á næsta ári en að frátöldum óreglulegum liðum er afkomubatin nokkuð jafn milli ára

Afkoma ríkissjóðs með og án óreglulegra liða




# HORFUR Í RÍKISFJÁRMÁLUM BATNA ÞEGAR FRAM Í SÆKIR

Áætlað er að afkoma ríkissjóðs án óreglulegra liða nálgist 2% af VLF á komandi árum.

Það veur þó athygli að heildartekjur fara lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu frá árinu í ár.

Ýmsir skattar detta úr gildi á næstu árum: auðlegðarskattur í ár, orkuskattur á rafmagn 2016, bankaskattur árið 2017 ofl.

Mögulegt er að sterkari hagvöxtur og aukin einkaneysla styrki skattstofna á komandi árum og tekjuáætlunin verði færð upp á við.



\*Óreglulegir liðir undanskildir

# SKULDIR LÆKKA HRAÐAR EN ÁÐUR VAR ÁÆTLAÐ

Skuldir ríkissjóðs fara lækkandi á komandi árum hraðar en áður var áætlað.

Þetta í fyrsta sinn sem áætlað er að skuldir ríkissjóðs fari lækkandi að nafnvirði.

Gert er ráð fyrir að heildarskuldir nálgist um 60% af landsframleiðslu árið 2016 og verði komnar undir 60% árið 2018.

Almennt eru því horfur í ríkisfjármálum góðar en meginverkefnið verður áfram að lækka skuldir ríkissjóðs.



# FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2015

---

- Hver verður afkoma ríkissjóðs 2015 og hverjar eru horfur í ríkisfjármálum?
- Hverjar eru breytingarnar á tekju- og útgjaldahlið ?
- Hver eru helstu áhrif af frumvarpinu á efnahagsþróun og fjármálamarkaði?
  - Verðlagsáhrif af fjárlagafrumvarpinu
  - Útgáfa skuldabréfa á innlendum fjármálamörkuðum

# STERKARI TEKJUSTOFNAR HÆKKA TEKJUR RÍKISSJÓÐS UM 31 MA.KR.


Tekjur ríkissjóðs hækka um 31,4 ma.kr. frá fjárlögum 2014 aðallega vegna endurmatís skattstofnum.

Ef borið er saman við uppfærða tekjuáætlun fyrir árið 2014 lækka tekjur aftur á móti um 24,6 ma.kr. milli ára.

Aftur á móti er ekki raunhæft að bera tekjur 2015 saman við uppfærða tekjuáætlun 2014 því skýringar á hærri tekjum í ár eru einskiptis liðir:

1) Arðgreiðslur Landsbankans um 20 ma.kr.

2) Breytingar á reglum um eigið fé Seðlabankans gera bankanum kleift að greiða arð sem mun færa skuldabréf Seðlabankans niður um 26 ma.kr.




# STERKARI TEKJUSTOFNAR SKÝRAST AF HAGVEXTI OG EINKANEYSLU

Hagvaxtaspáin hefur verið færð töluvert upp frá forsendum fjárlaga 2014 og hliðrast því tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2015 upp samkvæmt því.

Það kemur því ekki á óvart að helsta útskýring fyrir auknum tekjum ríkissjóðs sé endurmat á skattstofnum.

Þjóðhagspá fjárlagafrumvarpsins 2015 gerir ráð fyrir umtalsvert sterkari hagvexti





# TEKJUAÐGERÐIR FJÁRL.FR.V. 2015 LÆKKA TEKJUR UM 3,7 MA.KR.

Tekjuaðgerðir fjárl.fr.v. fela í sér bæði hækkunir og lækkunir.

Aðgerðirnar miða að því að lágmarka tekjutap ríkissjóðs.

Hvað verðlagsáhrif varðar munu afnám vörugjalda og lækkun á efra VSK-þrepi veða á móti hækkun á neðra VSK-þrepi.

Tekjuaðgerðirnar miða að því að auka skilvirkni skattkerfisins og þá sérstaklega virðisaukaskattkerfisins.


- **Afnám vörugjalda**
  - Almenn vörugjöld afnumin í heild í ársbyrjun 2015 og er tekjutap 6,5 ma.kr.
- **Breytingar á virðisaukaskatti**
  - Almennt VSK-þrep lækkað úr 25,5% í 24% en neðra þrepið hækkað úr 7% í 12% og tekjuáhrif eru tæplega 3,8 ma.kr. tekjuhækkun.
- **Hækkun barnabóta**
  - Sem mótvægisáðgerð við hækkun á neðra VSK-þrepi eru barnabætur hækkaðar um 13% og eru áhrifin 1 ma.kr. í aukin útgjöld.
- **Samtals áhrif af tekjuaðgerðum 2015 eru því tekjutap sem nemur 3,7 ma.kr.**

# HEILDARÚTGJÖLD AUKAST UM 28,4 MA.KR....


Aukin útgjöld nema 11 ma.kr. og dreifist það yfir fleiri málaflokka: lífeyristryggingar, framlög til heilbrigðismála, samgöngumál o.fl.

Skuldabréfi ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum er breytt úr verðtryggðu í óverðtryggt með jafnar afborganir til 29 ára, og hækka því vaxtagjöld um 8,7 ma.kr.

Aðhaldsaðgerðir nema 3,4 ma.kr. og draga lítillega úr útgjöldum.



# .... EN FRUMÚTGJÖLD Á FÖSTU VERÐLAGI HALDA ÁFRAM AÐ LÆKKA



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2015

---

- Hver verður afkoma ríkissjóðs 2015 og hverjar eru horfur í ríkisfjármálum?
- Hverjar eru breytingarnar á tekju- og útgjaldahlið ?
- Hver eru helstu áhrif af frumvarpinu á efnahagsþróun og fjármálamarkaði?
  - Verðlagsáhrif af fjárlagafrumvarpinu
  - Útgáfa skuldabréfa á innlendum fjármálamörkuðum


# VERÐBÓLGA FER HÆKKANDI ÞEGAR FRAMLEIÐSLUSPENNA MYNDAST...

Flestar verðbólguþáttir gera ráð fyrir hækkandi verðbólgu á næsta ári.

Framleiðslulakinn hverfur um mitt næsta ár og skuldleiðréttingin fer af stað.

Hagsagan sýnir að eftirspurnardröfin verðbólga kemur gjarnan þegar framleiðsluspenna myndast í hagkerfinu.

Launahækkunir í takt við framleiðnivöxt hagkerfisins er forsenda þess að verðbólga haldist lág.




# ...OG NÆR HÁMARKI EF GENGI KRÓNUNNAR GEFUR EFTIR

Ytri þættir munu að öllum líkindum ekki skapa verðbólguþrýsting:

- I. Krónan hefur verið stöðug og líklegt að svo verði áfram.
- II. Verðbólga í viðskiptalöndum er lág.
- III. Spár gera ráð fyrir lækkandi hrávöruverði næstu tvö árin.

Hagstjórn innanlands mun ráða miklu um hver verðbólguþróun verður á næsta ári.

Niðurstaða komandi kjarasamninga og hversu vel ríkisfjármálin styðja við peningamálastefnu Seðlabankans skipta þar miklu máli.





# ATVINNULEYSI ER AÐ NÁLÆGT JAFNVÆGISATVINNULEYSI

Myndirnar sýna þróun verðbólgu, launa og atvinnuleysis síðastliðina þrjú áratugi byggt á ársfjórðungsgögnum.

Þegar atvinnuleysi hefur leitað undir jafnvægisatvinnuleysi og farið undir 2,5-3,5%, hefur það gjarnan leitt af sér launaþrýsting á vinnumarkaði og verðbólgu í kjölfarið.

Rauði punkturinn sýnir atvinnuleysi, launaþróun og verðbólgu í árslok 2013



# VERÐLAGSÁHRIFIN HÓFLEG SAMKVÆMT FJÁRLAGAFRUMVARPINU

Samkvæmt frumvarpi um breytingar á virðisaukaskatti, vörugjöldum ofl. eru heildaráhrifin til lækkunar á verðlag.

Miklar breytingar koma fram bæði til hækkunar og lækkunar og getur reynst erfitt að meta heildaráhrif.

Rannsóknir sýna að fyrri skattabreytingar hafa skilað sér að fullu út í verðlag.

Mestu máli skiptir að frumvarp til fjárlaga hafi jákvæð áhrif á kjaraviðræður framundan.

## Verðlagsáhrif fjárl.frv. 2015

<b>Virðisaukaskattur</b>	<b>0,55%</b>
Almennt hlutfall lækkar úr 25,5% í 24% 1. janúar 2015	-0,51%
Lægra þrepið hækkar úr 7% í 12% 1. janúar 2015	1,06%
Fólksflutningar í afþreyingarskyni – vsk-skylda frá 1. maí 2015	0%
<b>Almennt vörugjald</b>	<b>-0,75%</b>
Afnumið í heild 1. janúar 2015	-0,75%
<b>Samtals</b>	<b>-0,20%</b>



# AFNÁM VÖRUGJALDA MUN Hafa UMTALSVERÐ ÁHRIF TIL LÆKKUNAR

Greiningardeild Arion banka gerði úttekt á hver verðlagsáhrif af fjárlagafrumvarpinu kynnu að vera.


Niðurstaðan er ekki ósvipuð því sem fjármála- og efnahagsráðuneytið áætla, þótt erfitt sé að meta áhrifin nákvæmlega.

Aftur á móti er um 800 vörugjaldaflokka að ræða sem falla á brott og er því flókið að meta áhrifin nákvæmlega.

Einnig er samspil fleiri breytinga í sumum vöruflokkum t.d. matvöru þar sem neðra VSK-þrepíð hækkar en vörugjöld falla á brott.

Gæti haft jákvæð áhrif að fylgja því eftir að breytingarnar skili sér út í verðlag.

Áhrif skattabreytinga fjárlagafrumvarpsins á undirliði VNV




# SKILVIRKNI VSK Á ÍSLANDI LÁG Í SAMANBURÐI VIÐ OECD LÖND

Skilvirkni virðisaukaskattskerfisins hefur verið lág hér á landi í samanburði við önnur OECD lönd.


Einnig hafa tekjur af virðisaukaskatti farið lækkandi sem hlutfall af heildar skatttekjum ríkissjóðs síðastliðinn áratug.

Það er því jákvætt skref að vinna í átt að einföldun á skattkerfinu í þeim tilgangi að auka skilvirkni kerfisins.

Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti 1998–2018



Skilvirkni virðisaukaskatts í OECD-rikkjum 2011<sup>34</sup>



34) VRR-stuðullinn (e. VAT revenue ratio) mælir skilvirkni virðisaukaskatts með því að reikna hlutfallið á milli raunverulegra tekna og mögulegra tekna. Mögulegar tekjur eru sú fjárhæð sem fengist í tekjur ef almenna skatthlutfallið sem í gildi er væri lagt á alla neyslu og sú fjárhæð skilaði sér að fullu í ríkissjóð. Helstu orsakir þess að hlutfallið verður minna en 1 eru: lægri skattþrep, undanþágur, endurgreiðslur og undanskot. Heimild: OECD (2014), óbirt gögn

# FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2015

---

- Hver verður afkoma ríkissjóðs 2015 og hverjar eru horfur í ríkisfjármálum?
- Hverjar eru breytingarnar á tekju- og útgjaldahlið ?
- Hver eru helstu áhrif af frumvarpinu á efnahagsþróun og fjármálamarkaði?
  - Verðlagsáhrif af fjárlagafrumvarpinu – innlegg í kjarasamninga
  - Útgáfa skuldabréfa á innlendum fjármálamörkuðum

# HREINN LÁNSFJÁRJÖFNUÐUR JÁKVÆÐUR ÁRIN 2014 OG 2015


Hingað til hefur verið halli á rekstri ríkisins um sem nemur tugum milljarða króna.

Sá halli hefur leitt af sér neikvæðan hreinan lánsfjárfjöfnuð og hallinn því fjármagnaður með lántöku á innlendum fjármálamörkuðum.

Einstök ár eins og 2011 eru undantekning vegna mikilla fjármunahreyfinga í tengslum við gjaldeyrisforðann.

Árin 2014 og 2015 er ríkissjóður að ná jákvæðum lánsfjárfjöfnuði sem þýðir að ekki þarf lengur að fjármagna hallarekstur og í stað þess má hefja niðurgreiðslu skulda.

Heildarjöfnuður ríkissjóðs og hrein lánsfjárförf



Fjárlagafrumvarp 2015

# ÚTGÁFA Á INNLENDUM MÖRKUÐUM 2015

Gert ráð fyrir sölu á 30% hlut í Landsbankanum um sem nemur 35,5 ma.kr. árið 2015 og 35,5 ma.kr. 2016.


Tekjur af LAIS eignasölnunni er nýttar til að greiða niður RIKH 18 um 35,5 ma.kr.

Afborganir á árinu 2015 eru 103 ma.kr. samkvæmt fjárl.frv. 2015 eða um 68 ma.kr. ef horft er framhjá afborgun RIKH 18.


Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 25,5 ma.kr. en verður neikvæður um 10 ma.kr. ef horft er framhjá eignasölu LAIS.

Skv. fjárl.frv. ætti útgáfa af ríkisbréfum og víxlum á árinu að verða um 80 ma.kr.

Við teljum að ýmsir þættir gætu dregið úr lánsfjárförfinni og endanleg útgáfa verði jafnvel undir 50 ma.kr.



Þættir sem geta dregið úr lánsfjárförfinni ríkissjóðs 2015  
- Frávik frá núverandi áætlun fjárl.frv.



Samtals 31 ma.kr. sem gætu dregið úr lánsfjárförfinni ríkissjóðs

# FYRIRVARI

---

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

